



Alþingi
Erindi nr. P 143/829
komudagur 10.1.2014

Nefndasvið Alþingis
Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík: 10.01.2014
Tilvísun: 201311-0030

Efni: Þingsályktun um skrásetningu kjörsóknar eftir fæðingarári í kosningum á Íslandi frá vori 2014

Rannsóknir hér á landi og í Evrópu sýna fram á að ungt fólk er sá þjóðfélagshópur sem hefur fundið hvað mest fyrir barðinu á efnahagsþrengingum þeim sem skóku umheiminn í árslok 2008. Með vísan í framangreint styður Alþýðusamband Íslands allar aðgerðir stjórnvalda sem miða að því að rétta hlut ungs fólks samfélaginu og lýsir sig reiðubúið að taka þátt í allri vinnu sem miða að því að ráðast á vandann sem er margþættur. Besta leiðin að mati Alþýðusambands Íslands til að auka tiltrú á lýðræðinu er að auka tiltrú borgaranna á stjórnkerfinu og valdhöfum, og besta leiðin til þess er að láta dæma sig af góðum verkum.

Þingsályktun þessi er að mati Alþýðusambands Íslands skref í rétta átt og hvetur því þingmenn til að styðja framgang þingsályktunarinnar.

Virðingarfyllt,

Halldór Oddsson.
Lögfræðingur hjá ASÍ.

Alþýðusamband Íslands

Sætuhi 1 • Reykjavík
Sími: 535 5600 • Fax: 535 5601
asi@asi.is • www.asi.is

Alþingi
Erindi nr. P 143/1824
komudagur 8. 5. 2014



Hagstofa Íslands

Reykjavík, 7. maí 2014

Innanríkisráðuneyti
Ragnhildur Hjaltadóttir, ráðuneytisstjóri
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík

Efni: Varðar tillögu til þingsályktunar um skrásetningu kjörsóknar eftir fæðingarári í kosningum og framkvæmd við kosningaskýrslur.

Vísað er til tillögu til þingsályktunar um skrásetningu kjörsóknar eftir fæðingarári í kosningum á Íslandi frá vori 2014, 62. mál yfirstandandi þings, þingskjal nr. 62 og nefndarálits með breytingartillögu um áður nefnda tillögu, sbr. þingskjal nr. 696. Einnig er vísað til umsagnar Hagstofu Íslands um þingsályktunartillöguna dags. 3. desember 2013 svo og umsagnir annarra aðila um tillöguna og nefndarálitið með breytingartillögunni. Ennfremur er vísað til fundar sem haldinn var með fulltrúum innanríkisráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Þjóðskrár og Hagstofu Íslands til undirbúnings kosningum til sveitarstjórna 26. mars sl.

Í þingsályktunartillögunni er forsætisráðherra falið "að hlutast til um að Hagstofa Íslands kalli eftir upplýsingum frá kjörstjórnnum um kjörsókn eftir fæðingarári við kosningar og þjóðaratkvæðagreiðslur frá og með árinu 2014 auk hefðbundinnar tölfræði". Í umsögnum um þingsályktunartillöguna og breytingartillöguna kemur fram að rafræn kjörskrá með kennitölu kjósenda henti best til að ná fram þessum upplýsingum. Slík tilhögun er þó ekki fyrir hendi, enn sem komið er. Af hálfu sveitarfélaga og annarra sem að framkvæmd kosninga koma hefur lengi verið kallað eftir því að kjörskráin verði rafræn til að auðvelda framkvæmd kosninga og kjörstjórnnum og Hagstofu að vinna áreiðanlegar upplýsingar um kosningabátttöku eftir aldri, þjóðerni og fleiri þáttum sem taldir eru hafa upplýsinga- og rannsóknargildi.

Sé ætlunin að afla ofangreindra upplýsinga án rafrænnar kjörskrár eða skráningar í rafræna útgáfu hennar á kjörstað hefur það í för með sér íþyngjandi skráningu upplýsinga fyrir kjörstjórnir þar sem þeim er þá ætlað auk hefðbundinnar skýrslugerðar að skrá fæðingarár hvers kjósenda til að Hagstofan geti unnið úr þeim tölfræðilegar upplýsingar fyrir kosningaskýrslur. Að slá inn fæðingarár, kyn og ef til vill ríkisfang sem einnig hefur verið nefnt (sbr. nefndarálit) er óhjákvæmilega afar umfangsmikil framkvæmd í ljósi þess að fjöldi kjósenda gæti orðið hátt í 200 þúsund. Til viðmiðunar voru 237.807 á kjörskrá fyrir alþingiskosningar 2013 og atkvæði greiddu 193.828. Jafnframt er rétt að benda á að við síðustu alþingiskosningar var fjöldi kjörstaða 132 og fjöldi kjördeilda 267. Skráningin þyrfti væntanlega að fara fram handvirkt eftir að kosningu lýkur en

áður en gögn eru innsiglið sbr. 83. gr. laga nr. 5 1998. Tímaramminn er því þröngur, verkefnið íþyngjandi og villuhætta mikil.

Skráningin hefði í för með sér mikinn aukakostnað fyrir sveitarfélögin en kostnaðarmat liggur ekki fyrir af hálfu flutningsmanna þingsályktunartillögunnar. Í umsögn Hagstofu kemur fram að við alþingiskosningarnar 2013 hafi 193.828 manns greitt atkvæði. Með hliðsjón af því er áætlað að skráning og innsláttur gagna um alla kjósendur á landinu sé um fjögurra mánaða verk. Í umsögn yfirkjörstjórnar í Suðurlandinu (dags. 12.11.13.) er lauslega áætlað að miðað við núverandi aðstæður þurfi eina vinnustund „á hver 50-200 atkvæði“. Í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 31. mars. sl. er þetta viðmið notað við áætlun kostnaðar hjá Reykjavíkurborg (greidd atkvæði þar í síðustu alþingiskosningum voru rúm 72.000) sem næmi á bilinu 1,5- 6,5 milljónir króna og fyrir landið allt 4-17 milljónir króna vegna sveitarstjórnarkosninganna 2014. Þingsályktunartillagan er enn til meðferðar á Alþingi og tæpur mánuður til kosningadags. Tími til að móta og undirbúa verklag við framkvæmd verkefnisins er því stuttur. Í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga segir m.a. að „krafa um aukna upplýsingagjöf um kjörsókn komi þannig ekki til framkvæmda í sveitarstjórnarkosningum við óbreyttar aðstæður“. Tekur Hagstofan undir þá niðurstöðu Sambandsins.

Hagstofan itrekar þá afstöðu sína að ekki sé réttlætanlegt að ráðast í verkefnið að svo stöddu. Kennitala er lykillinn að upplýsingum um aldur, kyn og ríkisfang. Ákvörðun um að fara í rafræna kjörskrá er skynsamlegasta leiðin. Að öðrum kosti þurfa kjörstjórnir að slá kennitölu inn fyrir alla þá sem kjósa.

Virðingarfyllt

Ólafur Hjálmarsson
hagstofustjóri

Afrit:
Ragnhildur Arnljótsdóttir, ráðuneytisstjóri
Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis



Hagstofa Íslands

3. desember 2013

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Varðar: Tillögu til þingsályktunar um skrásetningu kjörsóknar eftir fæðingarári í kosningum, 62. mál.


Hagstofa Íslands hefur frá stofndeggi fyrir öld síðan tekið saman skýrslur um almennar kosningar í landinu. Einn þáttur þeirrar skýrslugerðar er að afla upplýsinga um kjörsókn eftir sveitarfélögum. Kjörstjórnir í sveitarfélögum hafa tekið saman upplýsingar og fært þær inn á eyðublöð eða rafrænar töflur sem Hagstofan hefur sent kjörstjórnnum í aðdraganda kosninga og óskað upplýsinga um kjósendur, einkum varðandi kjósendur á kjörstað og þá sem kusu utan kjörfundar. Einnig hefur Hagstofan á annan áratug aflað upplýsinga frá kjörstjórnnum um þátttöku karla og kvenna í kosningum. Komið hafa ítrekað upp vandkvæði við þá leið Hagstofunnar að óska eftir upplýsingum frá kjörstjórnnum fyrir þessa tiltölulega einföldu sundurliðun á fjölda kjósenda eftir sveitarfélögum. Reynsla Hagstofunnar af innsöfnun upplýsinga frá kjörstjórnnum er sú að útfylling eyðublaðanna er sögð vera íþyngjandi, niðurstöður sem skilað er skortir ásættanleg gæði og óljós verkferli við útfyllingu skýrslna til Hagstofunnar auka á villuhættu. Við yfirferð skýrslna að afstöðnum þingkosningum hefur Hagstofunni gengið treglega að fá kjörstjórnir til að lagfæra villur og ósamkvæmni sem upp hafa komið. Þetta hefur oft leitt af sér miklar tafir við frágang og birtingu kosningaskýrslna.

Hagstofan telur í ljósi reynslunnar af framkvæmd kosninga að óráðlegt sé að auka svarbyrði kjörstjórna með óskum um viðbótarupplýsingar, til dæmis um aldur kjósenda, og muni að öðru óbreyttu ekki skila gögnum af nægjanlegum gæðum svo hægt sé að birta opinberar hagtölur um kosningar.

Eina raunhæfa leiðin sem gerir Hagstofunni kleift að birta fjölbreyttari upplýsingar um kosningaþátttöku er að stofnunin hafi aðgang að skráum um þá einstaklinga sem neyttu atkvæðisréttar síns. Með aðgangi að rafrænni skrá með kennitölu kjósenda myndu öll ofangreind vandkvæði hverfa á svipstundu og Hagstofan gæti birt fjölþættari upplýsingar um bakgrunn kjósenda en til þessa. Á meðan slíkar skrár eru ekki tiltækar er helsta lausnin sú að nota kjörgögnin sjálf og skrá kennitölur kjósenda eftir þeim að afstöðnum kosningum. Í alþingiskosningunum 27. apríl 2013 voru 237.807 kjósendur á kjörskrá og af þeim greiddu 193.828 atkvæði. Lauslegt mat bendir til þess að skráning og innsláttur gagna um alla kjósendur á landinu sé um fjögurra mánaða verk og að þann verkhluta megi leysa af hendi utan Hagstofunnar. Eðlilegt má telja að vörsluaðili kjörgagna að afstöðnum kosningum annist gerð slíkrar skrár um kjósendur og afhendi hana Hagstofunni að því loknu til að taka saman kosningaskýrslur. Um kosningar til sveitarstjórna gilda vissulega aðrar reglur um kjörstjórnir og talningu atkvæða, en fyrir Hagstofuna er eðli vandans hið sama og í öðrum almennum kosningum, upplýsingar vantar um kennitölur kjósenda.

Hagstofunni er ekki kunnugt um hvort breyta þurfi gildandi lögum til að koma slíku verkefni í framkvæmd fyrir næstu kosningar og að halda jafnframt í heiðri reglum um meðferð trúnaðarupplýsinga. Í lögum um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð, nr. 163/2007, gilda víðtækar heimildir en jafnframt strangar reglur um trúnaðarupplýsingar og meðferð þeirra. Því skortir Hagstofuna ekki lagastoð til að nota kennitölur einstaklinga við gerð kosningaskýrslna um kjósendur og þátttöku þeirra í kosningum.

Virðingarfyllst,



Magnús S. Magnússon
skrifstofustjóri

Alþingi
Erindi nr. P 143/750
komudagur 20.12.2013

Alþingi
Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd
150 REYKJAVÍK



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 12. desember 2013

Tilvísun: 2013111448DS/--

Persónuvernd vísar til tölvubréfs velferðarnefndar Alþingis frá 21. nóvember 2013 þar sem stofnuninni er veittur kostur á umsögn um tillögu til þingsályktunar um skrásetningu kjörsóknar eftir fæðingarári í kosningum (þskj. 62, 62. mál á 143. löggjafarþingi).

Persónuvernd gerir ekki athugasemd við þingsályktunartillöguna en leggur áherslu á að staðið verði á þann hátt að umræddri skráningu að upplýsingar verði með öllu ópersónugreinanlegar.

Virðingarfyllt

Þórður Sveinsson



Alþingi
Erindi nr. P 143/1343
komudagur 31.3.2014

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 31. mars 2014

1311096SA GB
Málalykill: 401

Efni: Varðar nefndarálit um þált. um skrásetningu kjörsóknar eftir fæðingarári, 62. mál.

Vísað er til nefndarálits stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar um tillögu til þingsályktunar um skrásetningu kjörsóknar eftir fæðingarári í kosningum á Íslandi frá vori 2014, þingskjal 696 -62. mál.

Samband íslenskra sveitarfélaga sendi ekki umsögn um þingsályktunartillöguna, einkum af þeirri ástæðu að upphafleg tillaga vísaði eingöngu til laga um kosningar til Alþingis.

Í meðförum nefndarinnar var gerð sú breyting að tillagan nær nú einnig til sveitarstjórnarkosninga og er henni ætlað að koma til framkvæmda við sveitarstjórnarkosningar sem fram fara 31. maí nk. Sambandið gerir eðlilega athugasemd við að þessi breyting skuli hafa verið gerð án þess að fulltrúar sambandsins væru kallaðir fyrir nefndina. Vísast um það til 98. gr. sveitarstjórnarlaga, þar sem fram kemur að sambandið er sameiginlegur málsvari sveitarfélaga í landinu.

Möguleg kostnaðaráhrif

Í umsögnum um málið kemur fram að á meðan kjörskrár eru enn á pappírformi er miklum vandkvæðum bundið að beita rafrænum aðferðum við talningu eða gerð tölfræði upp úr kjörskrá. Ljóst er því, eins og fram kemur í nefndarálitinu, að vinna kjörstjórna eykst mikið þótt nefndin meti það svo að ávinningur af samþykkt tillögunnar sé einnig umtalsverður.

Af hálfu sambandsins er gerð alvarleg athugasemd við að engin greining liggur fyrir um ætlaðan kostnaðarauka við framkvæmd kosninga sem leiðir af tillögunni. Mikilvægt er að slíkt kostnaðarmat liggi fyrir, annars vegar um bein áhrif tillögunnar á sveitarfélög vegna sveitarstjórnarkosninga og hins vegar um þörf fyrir hækkun greiðslna innanríkisráðuneytisins til sveitarfélaga vegna annarra kosninga.

Í umsögn Þjóðskrár Íslands er m.a. bent á að þetta ut anumhald gæti leitt af sér lengri biðtíma við atkvæðagreiðslu á kjörstað. Einnig kemur fram í umsögn oddvita yfirkjörstjórnar Suðurkjördæmis að áætla megi að við vinnu kjörstjórnar bætist sem nemur einni klst. fyrir hver 50-200 atkvæði. Ef miðað er við þær forsendur og að um aðkeypta vinnu á mjög hóflegu tímagjaldi sé að ræða, getur grófur kostnaðarauki Reykjavíkurborgar vegna sveitarstjórnarkosninga því numið á bilinu 325-1.300 klst., eða á bilinu 1,5-6,5 milljónir króna. Heildarkostnaðarauki allra sveitarfélaga vegna þingsályktunarinnar gæti á sama hátt orðið á bilinu 4-17 milljónir króna vegna sveitarstjórnarkosninganna 2014.



Kostnaður yrði væntanlega litlu minni ef starfsmenn sveitarfélaga annast þá vinnu sem hér um ræðir en svigrúm til þess er að sjálfsögðu mismunandi eftir sveitarfélögum og ef vinna þarf yfirvinnu gæti kostnaður mögulega orðið umtalsvert hærri en hér er gert ráð fyrir. Þennan kostnaðarauka þyrftu sveitarfélögin að sjálfsögðu að fá bættan.

Vegna annarra kosninga mun sambandið að sjálfsögðu gera þá kröfu að framlag innanríkisráðuneytisins til sveitarfélaga verði hækkað sem nemur þessum kostnaðarauka. Ef miðað er við að á hverju fjögurra ára tímabili fari fram alþingiskosningar, forsetakosningar og tvær þjóðaratkvæðagreiðslur getur kostnaðarauki ríkissjóðs orðið á bilinu 16-64 milljónir króna á því tímabili. Hins vegar má að verulegu leyti forðast þennan kostnaðarauka ef tekin verður upp rafræn kjörskrá í öllum kosningum, eins og eðlilegt er að stefna á að gera, óháð því hvort vilji er til þess að taka upp rafrænar kosningar.

Tillaga um endurupptöku málsins í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd

Sambandið leggur til, með vísan til framangreindra athugasemda, að stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd taki málið fyrir að nýju áður en þingsályktunartillagan verður tekin til síðari umræðu á Alþingi. Auk ábendinga um kostnaðarauka telur sambandið þörf á að nefndin fjalli nánar um hvaða svigrúm sveitarfélög og kjörstjórnir hafa til þess að vinna samantekt um kjörsókn eftir á, með hliðsjón af 83. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna.

Að áliti sambandsins eru það ekki vönduð vinnubrögð af hálfu Alþingis að samþykkja svo seint tillögu sem ætlað er að hafa bindandi gildi fyrir kjörstjórnir við samþykkt sveitarstjórnarkosninganna í vor. Þótt hér sé ekki um grundvallarbreytingu að ræða á framkvæmd kosninga veldur hún umtalsvert auknu álagi á kjörstjórnir, bæði á meðan atkvæðagreiðsla fer fram og við úrvinnslu upplýsinga eftir lokun kjörstaða.

Einnig leggur sambandið eindregið til að ákvæði um gildistöku tillögunnar verði breytt og að jafnhliða verði lögð á það áhersla að tryggja kjörstjórnnum heimildir til þess að nota rafræna kjörskrá við framkvæmd kosninga. Krafa um aukna upplýsingagjöf um kjörsókn komi þannig ekki til framkvæmda í sveitarstjórnarkosningum við óbreyttar aðstæður. Lengi hefur verið kallað eftir því af hálfu sveitarfélaga að kjörskráin verði rafræn og myndi þar með verða mun auðveldara fyrir kjörstjórnir og Hagstofuna að vinna áreiðanlegar upplýsingar um kosningaþátttöku eftir aldri, þjóðerni og fleiri þáttum sem taldir eru hafa upplýsinga- og rannsóknargildi.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Umsögn yfirkjörstjórnar Suðurkjördæmis um tillögu til þingsályktunar um skrásetningu kjörsóknar eftir fæðingarár í kosningum á Íslandi frá vori 2014.
62. mál.

Undirritaður hefur móttekið tölvubréf stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis dags. 12. nóvember 2013 þar sem óskað er eftir umsögn hans um tillögu til þingsályktunar um skrásetningu kjörsóknar eftir fæðingarári í kosningum á Íslandi frá vori 2014. 62. mál.

Undirritaður sendir yður svohljóðandi:

U m s ö g n

Tillagan gerir ráð fyrir að kjörstjórnir skili Hagstofu tölum um kosningaþátttöku hvers aldursárs eftir fæðingarári kjósenda auk þeirra upplýsinga sem aflað hefur verið hingað til.

Engin vafi er á því að betri upplýsingar um kosningaþátttöku aldurshópa eru góðar og gildar í ýmis konar fræðaskyni. Ég hef meiri áhyggjur af vinnunni við að afla þessara upplýsinga og hvaða kjörstjórnir tæku saman þessar tölur.

Skráning kosningaþátttöku er skrifleg, en ekki færð inn í tölvur. Hún á sér stað með færslu merkinga inn í kjörskrá sem er í innbundnum kjörbókum. Kjörstjórnir taka saman heildartölur um fjölda kjósenda þegar kjörfundi lýkur á sérstökum samlagningarblöðum og eru kjósendur einnig greindir eftir kyni. Þetta verk er mikil nákvæmnisvinna þrátt fyrir að ekki sé um frekari greiningu að ræða en fjölda og kyn. Kjörskráin sjálf er aðgengileg í tölvutæku formi, en á meðan kosningaþátttöku er ekki færð inn í þann sama gagnagrunn á kjörfundinum sjálfum er vinna við að taka saman tölur um þátttöku eftir fæðingarári **stórkostlega yfirgripsmikil** fyrir einstakar kjörstjórnir og nánast óvinnandi og hætt við að **flutningur kjörgagna** tefðist verulega.

Þá má nefna að tölur um þátttöku á minni kjörstöðum gætu kallað á ýmsar spurningar um **persónuvarin réttindi** kjósenda.

Ef persónuvernd hamlar ekki slíkum samantektum, gætu yfirkjörstjórnir, t.d. í alþingskosningum og þjóðaratkvæðagreiðslum tekið þetta saman eftir kosningar með úrvinnslu úr kjörskrá. Kjörstjórnir sveitarfélaga myndu gera það sama í sveitarstjórnarkosningum.

Að óbreyttu er vinna við þetta mikil, eins og kjörskrár eru gerðar í dag og lauslega áætlað giska ég á 1 vinnustund á hver 50-200 atkvæði.

Niðurstaða mín er því sú að þetta er framkvæmanlegt, en útheimtir mjög mikla vinnu eins og fyrirkomulagið er nú. Einnig veltir undirritaður fyrir sér hvort upplýsingarnar sem safnað er með þessu móti gætu hugsanlega brotið í bága við persónuvernd kjósenda.

Undirritaður mun fagna því að fá tækifæri til að hitta nefndina.

Vestmannaeyjum, 12. nóvember 2013
Virðingarfyllst,

Karl Gauti Hjaltason
oddviti yfirkjörstjórnar Suðurkjördæmis

Alþingi, nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. nóvember 2013
Tilvísun ÞÍ: 2013111246/0.2.0

Vísað er til tillögu til þingsályktunar, þingskjals 62 – 62. mál sem birt er á heimasíðu Alþingis. Í tillögunni er lagt til að hlutast verði til um að Hagstofa Íslands kalli eftir upplýsingum frá kjörstjórnnum um kjörsókn eftir fæðingarári við kosningar og þjóðaratkvæðagreiðslur frá og með árinu 2014, auk hefðbundinnar tölfræði, sbr. XIX. kafla laga nr. 24/ 2000, um kosningar til Alþingis.

Þjóðskrá Íslands gefur út kjörskrárstofna vegna almennra kosninga samkvæmt þeim lögum sem um viðkomandi kosningar gilda. Er þar m.a. mælt fyrir um að sveitarstjórn skuli gera kjörskrár á grundvelli kjörskrárstofna og birta kjörskrá opinberlega 10 dögum fyrir kosningar.

Þar sem kjörskráin er á pappírformi er ekki hægt að beita rafrænum aðferðum við talningu eða gerð tölfræði uppúr kjörskránni. Til þess þyrfti að nota rafræna kjörskrá en yrði þá mögulegt að taka alls kyns tölfræði út úr slíku kerfi. Þjóðskrá Íslands hefur hafið vinnu við að skoða möguleika til gerðar rafrænnar kjörskrár en það verkefni er á frumstigi og mun bæði þurfa fjármagn og breytingar á kosningalögum til þess að gera þær hugmyndir að veruleika.

Það er álit Þjóðskrár Íslands að söfnun þessara upplýsinga gæti gefið athyglisverða mynd af þróun kjörsóknar hjá þeim sem kosningarétt hafa hér á landi. Stofnunin bendir á með hliðsjón af ofansögðu að örðugt geti orðið að safna umræddum upplýsingum þar sem skráning þeirra þyrfti að fara fram handvirkt og yrði væntanlega framkvæmd af starfsfólki kjörstjórna. Það gæti leitt af sér lengri biðtíma við atkvæðagreiðslu og aukið álag og vinnuframlag hjá kjörstjórnnum.

F.h. Þjóðskrár Íslands


Ástríður Jóhannesdóttir
Lögfræðingur